



529. Stjórnarfundur haldinn 24. október 2019 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Már Bragason (BMB), Eva Björk Sveinsdóttir (ES), Jónína Steinunn Helgadóttir (JH) og Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS).

Fjarverandi: Kári Gunnlaugsson (KG).

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur Barnaheill verið að bjóða upp á námskeið. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá FH verið að bjóða að vera viðstaddur opnun Skessunnar. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá Ásbirni Jónssyni varðandi Hringbraut 108. *Móttekið og stjórn skrifaði undir afsal sem afsalsþegi.*

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir deilda.

4. 51. Sambandsþing UMFÍ

EH fór yfir sambandsþingið en Íþróttabandaglögin geta nú sótt um aðild að UMFÍ. Keflavík mætti með fimm þingfulltrúa af þrettán. EH hefði viljað sjá fleiri fulltrúa frá okkur. Nokkrar umræður um þingið.

5. Jólblað Keflavíkur

Búið er að senda á deildir um að senda inn greinar í jólblaðið og er skilafrestur til 10. nóvember.

Auglýsingaöflun gengur nokkuð vel. EH er búin að tala við þann aðila sem verður í opnuviðtali og Sævar Sævarsson mun taka viðtalið. Reiknað er með því að blaðið verði borðið út 6. – 8. desember.

6. Önnur mál

Þorablót Keflavíkur

Jólahlaðborð

Formannafundur ÍRB 31. október kl. 18:00 með öllum formönnum aðildarféлага og deilda.

EH sagði frá því að hann væri ekki búin að kynna sér hvernig þeir aðilar sem eru nú þegar eru með rafíþróttir innan sinna ráða. *EH falið kynna sér málið.*

BMB kom inn á framtíðarsýn félagsins varðandi uppbygginu íþróttamannvirkja í Reykjanesbæ. Umræður urðu um málið og ákveðið að boða til fundar með ca. þremur fulltrúum frá hverri deild til að fara yfir framtíðarsýnina. *Ákveðið er að boða til fundarins 12. nóvember kl. 18:00 og bjóða upp á léttar veitingar. Ákveðið að fela framkvæmdastjóra að óska eftir því við deildir að þær sendi aðalstjórn fundagerðir.*

Næsti fundur 7. nóvember kl.18:00

Fundi slitið kl. 19:35.

Fundinn ritaði BS.

